

SKÝRINGAR:

Almennt:

Pípustærðir eru í mm, hæðartölur (kótar) í m, en önnur ónefnd mál í cm.
Stærðir á pípum er innra þvermál.
Uppgefnar hæðartölur (kótar) á lögn eru í rennslisbotni (þ.e. innri botn á röri).

tákna hæðartölu (kóta) á yfirborði
 ST.G. á steypu gólfi
 F.G. á frágengnu gólfi
 JVK á jarðveggyfirborði

Efni, frágangur og öll vinna skal vera í samræmi við holræsareglugerð og íslenskan staðal IST 65 um frárænnislagnir.

Sé um útböðsverk að ræða vísast einnig til verk-lýsingar.

Sérstaklega skal hér nefnt að 15cm undir kringum allar lagnir skal vera steinalaus sandur. Til hliðar við og ofan við jarðvatnslagnir komi drenmöl (þ.e. steinstærð 0,5-2,5cm sjávarnúið) ef notuð eru plaströr. Sé um kjallara að ræða skal nota vatnshleypna grús upp undir yfirborð.

Sé um útböðsverk að ræða, telst söndun svo og öll önnur jarðvinna með jarðvinnulið útböðsins, nema annað sé tekið fram.

Pípur í grunni:

- tákna skólplögn
- tákna regnvatnslögn
- tákna hálfpakkaða lögn
- tákna jarðvatnslögn

Efni í pípur:

- ST tákna steinsteypar pípur (múffa fyrir gúmmíhringi eða hamp og múrlögun).
 F/PL tákna plastpípur (reutt plast (hart PVC), afspennt svart plast (PEH þungt) eða annað efni sem er viðurkennt).
 J tákna pottpípur.

Þótt plastpípur séu notaðar innan sökkla er mælt með að notasteinsteypar pípur utan sökkla eða a.m.k. frá heimæðarbrunni.

Brunnar:

BR tákna brunnur (þvermál og efni tekið fram). Brunnar stærri en 600mm skulu vera með keilu efst.

Brunnar á skólplögn skulu vera með botnrásam (ísteyptr rör eða steyptr rásir).

Brunnar á regnvatnslögn skulu vera með minnst 20cm sandfangi undir útrennisliskóta.

Jarðvatnslagnir skulu tengjast regnvatnslögn í brunni minnst 20cm ofan við útrennisliskóta.

- LH(ST) tákna hæðartölu (kóta) á steinsteyptr lok (lokhað).
 LH(J) tákna hæðartölu (kóta) á steypujárnsloki (lokhað).

Stútaháðir í grunni:

Eftirfarandi á við um plastpípur, en skynsamlegt væri að láta það einnig gilda um annað pípulagn-ingarefni.

Minnsta leyfilega hæð að múffu er 15cm undir efri brún botnplötu (en æskileg hæð er 18cm).

Þar sem dýpi að beyggjumúffu er 15-20cm undir efri brún botnplötu, skal setja lok í múffu og tein sem sýnir staðsetningu stúts.

Þar sem dýpi að beyggjumúffu er á bilinu 20-40cm undir efri brún botnplötu, má t.d. setja rörstubb án múffu og 615 x h30cm plastfötu á hvolfi yfir rör. (Þegar lögn innanhúss er lögð sé stubburinn fjarlægður).

Þar sem dýpi að beyggjumúffu er meira en 40cm skal sniða rörstubb með múffu, þannig að hæð á múffu verði 18cm undir efri brún botnplötu.

Stútar úti skulu enda 10cm undir endanlegu jarðveggyfirborði.

Setja skal 22x22cm úrtak í botnplötu kringu alla stúta eða stærri úrtök þar sem það er sýnt á grunnmynd (t.d. við gólfniðurföll með hliðarstút GNH).

Ofanskráð þarf ekki að framkvæma ef hægt er að staðsetja stúta í grunni með 1cm nákvæmni, þá mega stútar steypast í plötu eins og hefur tíðkast með steinsteyptr pípur. Hins vegar sýnir reynslan að slík nákvæmni er mjög erfið í framkvæmd.

Tákn á tækjum:

- STN (Stofn) tákna frárænnisstofn (stærð eða númer tekið fram ef við á).
 EV tákna eldhúsvask
 SV tákna skolvask (rastivaskur)
 UV tákna uppþvottavél (venjulega er hún tengd inn á EV-stút).
 PV tákna þvottavél
 HL tákna handlaug
 BK tákna baðker
 STB tákna sturtubotn
 BI tákna skolskál
 VS() tákna vatnssalerni (s) S-vatnslás (p) P-vatnslás (v) vegghengt
 PS tákna þvagskál (v) veggteki (g) gólfteki
 GN tákna gólfniðurföll (t) stútur beint niður (v) láréttur stútur
 GNH tákna gólfniðurföll með hliðarinná-tengingu (venjulega fyrir HL, SV o.p.h.)
 ST eða STI tákna útloftun á stofni (yfir lok (V) eða með lágþryggtventli (V) eftir því sem við á).
 FN eða FNF tákna þakniðurföll
 SN eða SNF tákna svalniðurföll
 NF tákna niðurföll með 20x20cm gúturist (eða samsv.) í 6250mm niðurfallsröri (með eða án vatnslás sbr. grunnmynd).
 NIF tákna niðurföll af 160, eins og NF, en 6250mm rímlarist.

ALMENNT:

Pípustærðir eru í mm, hæðartölu (kótar) í m, en önnur ónefnd mál í cm.
Stærðir á pípum er innra þvermál.
Neðst á alla stofna komi hreinsilok.

Efni, frágangur og öll vinna sé í samræmi við holræsareglugerð og íslenskan staðal IST 65.

Sérstaklega skal hér tekið fram að festa skal pípur vandlega með þar til gerðum gjörðum (upphengjum) og skal staðsetning þeirra ekki hindra eðlilega þenslu (einkum á plastpípum).

Pípur skal einangra með 25mm glerullarmottum og setja tvöfaldan sísalpappa með álhúð þar utan um. Laqnarhalli plastlagna sé 20% en úr öðrum efnum um 44%.

Þurfi að hliðra stofni er tengist VS (t.d. undir lofti) skal ef um plast er að ræða nota 2 stk. 45° beyggjur og gera sérstakar ráðstafanir til hljóð-einangrunar (t.d. 2" glerull og blýþynna).

PÍPUR INNANHÖSS:

- P eða PL tákna grátt PP-plast hitaþolið plast, rauðstrikað, eða svart PEH plast eða annað samþykkt plastefni.
 G tákna galvanhúðað stálrör (vatn-rör með skrúfuðum fittings).
 J tákna pottpípur.

STÓTAHÆDIR INNANHÖSS:

Eftirfarandi tafla er aðeins til viðmiðunar við venjulegar aðstæður.


- h... tákna hæð frá endanlegu gólfi í miðjan stút.
 f... þýðir frávik frá miðlinu tækis í miðjan stút.
 u... þýðir fjarlægð frá endanlegum vegg í miðjan stút upp úr gólfi.

Tæki	þverm.stúts	h	f	u
EV	ø40mm	56	12,5	
2xEV	ø50mm	56		
EV+UV	ø50mm	56	sjá ofar	
HL	ø32mm	56	0,0	
SV (lár)	ø50mm	25	8(?)	
SV (hár)	ø50mm	50	8(?)	
VS (s)	ø100mm		0,0	12,5-24
VS (p)	ø100mm	15	0,0	
VS (v)	ø100mm	14-24	0,0	
GNH	ø50-70	0		15

Tengistútar VS eru sérstaklega margbreytilegir, því er ástæða til að velja gerð áður en gengið er endanlega frá lögnum.


HLIDRANIR Í (BOTN-) PLÖTU:

HLIDRANIR Í PLÖTU FYRIR ø100mm




HLIDRANIR Í PLÖTU FYRIR ø70mm

ÖÐYRARI LAUSH EN HÉÐ ø100mm, EN TEKUR 3cm MEIRA PLÁSS Í HÆÐINA.



HLIDRANIR Í PLÖTU FYRIR ø50mm

ÖÐYRARI LAUSH EN HÉÐ ø100mm, EN TEKUR 3-4cm MEIRA PLÁSS Í HÆÐINA.



Þurfi að hliðra tengingu stofns (eða tækis) t.d. vegna ónákvæmni á stút í grunni má styðjast við eftirfarandi samsetningu á hnám (beyggjum) og minnkunarstykki.

	Stofn ø100mm	Stofn ø70mm	Stofn ø50mm
Minnkun+2stk. 87.5°	19cm	31.5cm	9.5cm
Minnkun+2stk. 67.5°	15cm	9.5-12.5	7.5-12.5
Minnkun+2stk. 45°	9cm	6-9cm	4-9cm
Minnkun+2stk. 30°	5,5	2-5cm	1.5-6.5
Minnkun+2stk. 15°			
Minnkun aðeins		1.5cm	2.5cm

Á ekki við ef stofn er ø100mm.

Hliðrun er öðyrari ef minnkað er strax niður í stofnstærð (eins og mál hér ráðgera) en það krefst 18cm hæðar frá múffu á efri brún (botn-) plötu á móti 14cm ef hliðrað væri með ø100mm beyggjum.